



FLÓAHREPPUR

Fundur Atvinnu- og umhverfisnefndar

Atvinnu og umhverfisnefnd		Dags: 26.01.2010
Tilvísun : AUN - 3	Skráð : HRB	Dreifing: Fundarmenn, sveitarstjóri

Staður: Þingborg, Fimmtudagur kl.: 20:30

Mættir:

Helmir Rafn Bjarkason	HRB	Formaður
Margrét Ormsdóttir	MO	Nefndamaður
Albert Sigurjónsson	AS	Nefndarmaður
Bjarni Sigurðsson	BS	Nefndarmaður
Bjarni Einarsson	BE	Nefndarmaður

Skáletaður texti er frá fyrri fundum.

Liður	Málefni	Framkv.	Lokið
1.	Síðasta fundargerð Síðasta fundargerð undirrituð án athugasemda		
2.	Samningur við Markaðsstofu Að mati nefndar er það mikilvægt að rækta samstarf varðandi ferða og markaðsmál og hvetur sveitarstjórn að viðhalda samningum.		
3.	Samþykkt fyrir Atvinnu- og umhverfisnefnd Nefnd gerir ekki athugasemd við samþykkt nefndar í heild. Nefnd vill þó endurorða 5. gr sem hér segir „Fundir atvinnu- og umhverfisnefndar skulu haldnir reglulega og skal miða við að halda fund síðasta miðvikudag hvers mánaðar, fundur skal þó falla niður sé umfjöllunarefni ekkert. Boða skal til aukafundar ef meirihluti nefndarmanna óskar eftir því enda sé fundarefni tilgreint.		
4.	Samgöngumál Ástand samgöngumála í Flóahreppi er algjörlega óviðunandi. Ástand sumra tengivega er þannig að það hamlar eðlilegri atvinnustarfsemi. Slíkt verður ekki búið við. Nefndarmenn skora á sveitarstjórn sem þingmenn kjördæmisins að beita sér fyrir úrbótum.		

Fundir Atvinnu- og umhverfisnefndar

Atvinnu og umhverfisnefnd		Dags: 26.01.2010
Tilvísun : AUN - 3	Skráð : HRB	Dreifing: Fundarmenn, sveitarstjóri

5.	Önnur mál		
	<p>Rætt um merkingar í hreppnum og þörf á úrbótum. Rætt um möguleika á að koma merkingum inn í GPS kerfi, hugsanlega í samstarfi við Markaðsstofu.</p> <p>Almennar óbókaðar umræður Fleira ekki gert og fundi slitið kl 21:45</p>		
